

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/414**

2018/EES/54/23

frá 9. janúar 2018

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB að því er varðar auðkenningu tiltekinna hluta
búnaðar um borð í skipum sem mögulegt er að merkja með rafrænum hætti (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til þess að gera rekstraraðilum kleift að nota valfrjáls rafræn merki, til að greiða fyrir markaðseftirliti og koma í veg fyrir fölsun tiltekins búnaðar um borð í skipum, er framkvæmdastjórninni veittar valdheimildir með tilskipun 2014/90/ESB til að samþykkja framseldar gerðir í því skyni að tilgreina hvaða tiltekna búnað um borð í skipum er mögulegt að merkja með rafrænum hætti.
- 2) Það er mikilvægt að tryggja að markmið tilskipunar 2014/90/ESB náist með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum. Þessu má ná með því að samþykkja reglugerð sem veitir öllum hagsmunaaðilum, þ.m.t. framleiðendum búnaðar um borð í skipum, lögbærum yfirvöldum, skipasmiðum og rekstraraðilum, réttarvissu. Reglugerð tryggir samræmdan ramma fyrir alla markaðsaðila og er besta tryggingin fyrir jöfnum og samræmdum samkeppnisskilyrðum. Auk þessa tryggir reglugerð enn fremur að skráin yfir tiltekinn búnað um borð í skipum, sem mögulegt er að merkja með rafrænum hætti, hafi beina gildistöku. Það að reglugerðarformið er notað kemur að auki í veg fyrir stjórnsýslubyrði fyrir stjórnsýslustofnanir aðildarríkja, þar eð hún þarfnast ekki frekari lögleiðingar á landsvísu.
- 3) Í samræmi við tilskipun 2014/90/ESB ætti framkvæmdastjórnin að gera kostnaðar- og ábatagreiningu í tengslum við notkun rafrænna merkja sem viðbót við eða staðgengill fyrir stýrishjólsmarkið.
- 4) Kostnaðar- og ábatagreiningin sýnir að rafræn merking búnaðar um borð í skipum ætti að gera framleiðendum kleift að veita betri forvarnir gegn fölsunum, skipseigendum og rekstraraðilum kleift að rekja búnað og annast birgðahald með auðveldari hætti og markaðseftirlitsyfirvöldum kleift að fá beinan og greiðan aðgang að viðeigandi gagnagrunnum sem mun bæta fullgildinguna vottorða.
- 5) Niðurstaða kostnaðar- og ábatagreiningarinnar er sú að heildarfjárfestingar verði litlar í samanburði við áætlaðan ávinning og að kostnaður yfirvalda og iðnaðar sé viðráðanlegur vegna möguleikans á valfrjálsri og þröpskiptri framkvæmd. Aukinn ávinningur er mögulegur með frekari fjárfestingum að hálfu einkaaðila og hins opinbera.
- 6) Í tengslum við kostnaðar- og ábatagreininguna hefur framkvæmdastjórnin haldið nokkra viðræðufundi, vinnufundi og sýniverkefni með sérfræðingum aðildarríkjanna og hagsmunaaðilum.
- 7) Á þessum viðræðufundum voru hagsmunaaðilar sammála um að það geti verið tæknilega mögulegt að merkja búnað, sem komið er fyrir eða sem á að vera komið fyrir um borð í ESB-skipi, sem stjórnvöld fánaríkis verða að samþykkja samkvæmt þeim alþjóðlegu gæringum sem skilgreindir eru í 2. gr. tilskipunar 2014/90/ESB, með því að nota aðrar aðferðir við merkingu. Því ætti að vera mögulegt að merkja slíkan búnað með rafrænum hætti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Mögulegt getur verið að merkja með rafrænum hætti tiltekinn hluta búnaðar um borð í skipum, sem tilgreindur er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 75, 19.3.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, profanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Mögulegt er að merkja með rafrænum hætti þann búnað sem tilgreindur er í þessari skrá:

1. Björgunarbúnaður

Númer og heiti búnaðar

MED/1.1

Björgunarhringir

MED/1.2a

Staðsetningarljós fyrir björgunartæki:

- a) fyrir björgunarför og léttbáta,
- b) fyrir björgunarhringi,
- c) fyrir björgunarvesti.

MED/1.3

Sjálfkveikjandi reykmerki björgunarhringja

MED/1.4

Björgunarvesti

MED/1.5

Björgunarbúningar og hlífðarbúningar sem eru ætlaðir til notkunar MEÐ björgunarvesti:

- a) björgunarbúningur án hitaeinangrunar,
- b) björgunarbúningur með hitaeinangrun,
- c) hlífðarbúningar.

MED/1.6

Björgunarbúningar og hlífðarbúningar sem eru ætlaðir til notkunar ÁN björgunarvestis:

- a) björgunarbúningur án hitaeinangrunar,
- b) björgunarbúningur með hitaeinangrun,
- c) hlífðarbúningar

MED/1.7

Einangrunarpokar

MED/1.8

Fallhlífarflugeldar (neyðarflugeldar og -blys)

MED/1.9

Handblys (neyðarflugeldar og -blys)

MED/1.10

Flothæf reykdufl (neyðarflugeldar og -blys)

MED/1.11

Línubysur

MED/1.12

Uppblásanlegir björgunarflekar

MED/1.13

Harðir björgunarflekar

MED/1.14

Sjálfréttandi björgunarflekar

MED/1.15

Yfirbyggðir björgunarflekar sem snúa má við

MED/1.16

Sjóstýrður búnaður fyrir björgunarfleka (þrýstistýrður losunarbúnaður)

MED/1.17

Björgunarbátar:

- a) björgunarbátar sem eru sjósettir með bátsuglum:
 - lokaðir að hluta,
 - alveg lokaðir,
 - b) björgunarbátar í frjálsum falli.
-

MED/1.18

Harðir léttbátar

MED/1.19

Uppblásnir léttbátar

MED/1.20

Hraðskreiðir léttbátar:

- a) uppblásnir,
 - b) harðir,
 - c) harðir/uppblásnir
-

MED/1.21

Sjósetningarbúnaður þar sem talíur eru notaðar (bátsuglur)

MED/1.23

Sjósetningarbúnaður fyrir björgunarbáta í frjálsum falli

MED/1.24

Sjósetningarbúnaður fyrir björgunarfleka
(bátsuglur)

MED/1.25

Sjósetningarbúnaður fyrir hraðskreiða léttbáta
(bátsuglur)

MED/1.26

Losunarbúnaður fyrir:

- a) björgunarbáta og léttbáta (sjósettir með talíu, einni eða fleiri),
 - b) björgunarfleka (sjósettir með talíu, einni eða fleiri),
 - c) björgunarbátar í frjálsum falli.
-

MED/1.27

Kerfi til rýmingar skips

MED/1.28

Björgunarúrræði

MED/1.29

Stigar til að komast um borð

MED/1.30

Efni sem endurkastar ljósi

MED/1.33

Ratsjárspgill fyrir björgunarbáta og léttbáta
(hlutlaus)

MED/1.36

Knúningsvél fyrir björgunarbáta/léttbáta

MED/1.37

Utanborðsvél fyrir léttbáta

MED/1.38

Leitarljós til notkunar í björgunarbátum og léttbátum

MED/1.39

— Opnir björgunarflekar sem snúa má við

MED/1.41

Vindur fyrir björgunarför og léttbáta:

- a) björgunarbátar sem eru sjósettir með bátsuglum,
 - b) björgunarbátar í frjálsum falli,
 - c) björgunarflekar,
 - d) léttbátar,
 - e) hraðskreiðir léttbátar.
-

MED/1.43

Harðir/uppblásnir léttbátar

2. Varnir gegn mengun sjávar

Númer og heiti búnaðar

MED/2.1

Olíusubúnaður (ef magn olíu í frárennsli er ekki meira en 15 milljónarhlutar (ppm))

MED/2.2

Nemi fyrir skilflöt olíu/vatns

MED/2.3

Olíumælar

MED/2.5

Vöktunar- og eftirlitskerfi fyrir losun olíu frá olíuflutningaskipum

MED/2.6

Skólperfi

MED/2.7

Brennsluofnar um borð í skipum

(Brennsluver með yfir 1500 kW afköst og allt að 4000 kW)

MED/2.8

Greiningartæki um borð fyrir NOx í samræmi við NOx-tæknikóðann frá 2008

MED/2.10

Hreinsikerfi um borð fyrir útblástursloft

3. Brunavarnarbúnaður

Númer og heiti búnaðar

MED/3.1

Grunnefni þilfara

MED/3.2

Handslökkvitæki

MED/3.3

Búningur slökkviliðsmanns: hlífðarfatnaður (til að komast í návígi við eld)

MED/3.4

Búningur slökkviliðsmanns: stígvél

MED/3.5

Búningur slökkviliðsmanns: hanskar

MED/3.6

Búningur slökkviliðsmanns: hjálmur

MED/3.7

Sjálfstæður öndunarbúnaður með lofti undir þrýstingi

MED/3.8

Öndunarbúnaður með aðfluttu lofti undir þrýstingi

MED/3.9

Íhlutir í ýringarkerfi fyrir vistarverur, þjónusturými og stjórnstöðvar, sambærilegt því sem um getur í reglu II-2/12 í SOLAS 74 (aðeins stútar og afkastageta þeirra).

(Stútar fyrir föst ýringarkerfi í háhraðaförum teljast til þessa búnaðar).

MED/3.10

— Stútar fyrir föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu í vélarúmi og farmdælurými

MED/3.11

Eldtraustleiki skilrúma í A- og B-flokki:

- a) skilrúm í A-flokki,
 - b) skilrúm í B-flokki.
-

MED/3.12

Búnaður til að hindra að eldur berist í farmgeyma á flutningaskipum

MED/3.13

Eldtraust efni

MED/3.15

Efni, annað en stál, í lagnir fyrir olú eða brennsluolíu:

- a) lagnir og tengihlutir úr plasti,
 - b) lokar,
 - c) slöngubarkatengi og jafnarar,
 - d) íhlutir í málmagnir með fjaðrandi og teygjanlegum pakkningum.
-

MED/3.16

Eldvarnarhurðir

MED/3.17

Íhlutir í stjórnæki fyrir eldvarnarhurðir

MED/3.18

Yfirborðsefni og gólfefni með lágu eldsútbreidslumarki:

- a) spónn til skreytingar,
 - b) málningarkerfi,
 - c) gólfefni,
 - d) einangrunarkápur fyrir lagnir,
 - e) lím notað við byggingu skilrúma í A-, B- og C-flokki,
 - f) himnur eldfimra rása.
-

MED/3.19

Veggtjöld, gluggatjöld og önnur textílefni til að hengja upp og filmur

MED/3.20

Bólstruð húsgögn

MED/3.21

Sængurfatnaður

MED/3.22

Brunalokur

MED/3.25

Eldtraustir gluggar og kýraugu í A- og B-flokki

MED/3.26

Gegnumtök sem liggja í gegnum skilrúm í A-flokki:

- a) rafstrengjabrautir,
- b) pípur, rásir, stokkar o.fl. gegnumtök.

MED/3.27

Gegnumtök sem liggja í gegnum skilrúm í B-flokki:

- a) rafstrengjabrautir,
- b) pípur, rásir, stokkar o.fl. gegnumtök.

MED/3.28

Ýringarkerfi (aðeins ýringarhausar)

(Stútar fyrir föst ýringarkerfi í háhraðaförum teljast til þessa búnaðar).

MED/3.29

Brunaslöngur

Flatar brunaslöngur (innra þvermál á bilinu 25–52 mm)

MED/3.30

Færanlegur búnaður sem greinir súrefni og tilvist gass

MED/3.32

Eldtefjandi efni (þó ekki húsgögn) fyrir háhraðaför

MED/3.33

Eldtefjandi efni í húsgögn fyrir háhraðaför

MED/3.34

Brunapólin skilrúm fyrir háhraðaför

MED/3.35

Eldvarnarhurðir í háhraðaförum

MED/3.36

Brunalokur í háhraðaförum

MED/3.37

Gegnumtök sem liggja í gegnum brunapólin skilrúm fyrir háhraðaför:

- a) rafstrengjabrautir,
- b) pípur, rásir, stokkar o.fl. gegnumtök.

MED/3.38

Handslökkvitæki fyrir björgunarbáta og léttbáta

MED/3.39

Stútar fyrir jafngilt vatnsúðaslökkvikerfi í vélarúmum og í farmdælurými

MED/3.40

Ljósabúnaður sem er hafður neðarlega (aðeins íhlutir)

MED/3.41

Öndunartæki til undankomu í neyð (EEBD)

MED/3.42

Íhlutir í kerfi fyrir óhvarfgjarnar lofttegundir

MED/3.43

Stútar í slökkvikerfi fyrir djúpsteikingarbúnað (sjálfvirk eða handstýrð kerfi).

MED/3.44

Búningur slökkviliðsmanns — líflína

MED/3.45

Íhlutir í jafngilt, fast gasslökkvikerfi (slökkvimiðill, meginlokar og stútar) fyrir vélarúm og farmdælurými

MED/3.46

Íhlutir í jafngilt fast gasslökkvikerfi fyrir vélarúm (úðakerfi)

MED/3.47

Froðuþykki fyrir föst slökkvikerfi með léttri froðu fyrir vélarúm og farmdælurými

MED/3.48

Íhlutir í fastan, staðbundinn vatnsslökkvibúnað til að nota í vélarúmi í A-flokki.

MED/3.49a

Fastur vatnsslökkvibúnaður í ekjurýmum, ökutækjarýmum og sérstökum rýmum

- a) kerfi sem byggjast á forskriftum skv. 4. ákvæði umburðarbr. 1430,
 - b) kerfi sem byggjast á nothæfi skv. 5. ákvæði umburðarbr. 1430.
-

MED/3.51

Íhlutir fyrir föst eldskynjunar- og brunaviðvörðunarkerfi í stjórnstöðvum, þjónusturýmum, vistarverum, klefasvölum, vélarúmum og vélarúmum sem eru ómönnuð:

- a) eftirlits- og álestrarbúnaður,
 - b) aflgjafabúnaður,
 - c) hitaskynjarar — punktiskynjarar,
 - d) reyskynjarar: punktiskynjarar þar sem notað er dreift ljós, sent ljós eða jónun,
 - e) logaskynjarar: punktiskynjarar,
 - f) handvirkir boðar,
 - g) skammhlaupseinangrari,
 - h) flags-/frálagsbúnaður,
 - i) kaplar.
-

MED/3.52

Föst slökkvitæki og handslökkvitæki

MED/3.53

Brunaviðvörðunarbúnaður - Hljóðgjafar

MED/3.54

Fastur búnaður sem greinir súrefni og tilvist gass

MED/3.55

Tvíburatengi (tvíhæfir stútar)

(úðun/sprautun)

MED/3.56

Slöngukerfi fastra slökkvikerfa

Slöngutromla með hálfstífri slöngu

MED/3.57

Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi með meðalþungri froðu — fastur froðuslökkvibúnaður á þilföllum tankskipa

MED/3.58

Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi með þungri froðu til að verja vélarúm og þilför á tankskipum

MED/3.59

Létt froða fyrir föst slökkvikerfi á efnaflutningaskipum

MED/3.60

Stútar fyrir föst slökkvikerfi með háþrýstiyringu á klefasvölum

MED/3.61a

Innra slökkvikerfi með léttri froðu til að verja vélarúm, farmdælurými, ökutækja- og ekjurými, sérstök rými og farmrými.

MED/3.61b

Ytra slökkvikerfi með léttri froðu til að verja vélarúm, farmdælurými, ökutækja- og ekjurými, sérstök rými og farmrými.

MED/3.62

Duftsökkvibúnaður

MED/3.63

Íhlutir í reyskynjunarkerfi með sýnisútdrætti

MED/3.64

Skilrúm í C-flokki

MED/3.65

Fast gasskynjunarkerfi fyrir vetniskolefni

MED/3.66

Leiðbeiningarkerfi til rýmingar sem er notað sem annar kostur í stað ljósabúnaðar sem er hafður neðarlega

MED/3.67

Froðuslökkvitæki fyrir þyrluaðstöðu

MED/3.68

Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi í loftrásum gufugleypa í eldhúsum

MED/3.69

Færanleg slökkvidæla fyrir skip sem eru smíðuð 1. janúar 2016 eða þar á eftir og hönnuð til að flytja fimm eða fleiri lög af geymum á eða fyrir ofan veðurþilfarið

MED/3.70

Brunaslöngur

Hálfstífar slöngur fyrir föst kerfi

MED/3.71

Slöngukerfi fastra slökkvikerfa

Slöngukerfi með flötum slöngum

4. **Siglingatæki**

Númer og heiti búnaðar

MED/4.1

Seguláttaviti

Flokkur A fyrir skip

MED/4.2

Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (segulaðferð)

MED/4.3

Gíróáttaviti

MED/4.6

Bergmálsdýptarmælir

MED/4.7

Hraða- og fjarlægðarmælir (SDME)

MED/4.9

Beygjuhraðavísir

MED/4.14

GPS-staðsetningarbúnaður

MED/4.15

GLONASS-búnaður

MED/4.16

Stefnustjórnunarkerfi (HCS)

MED/4.18

Staðsetningarbúnaður fyrir leit og björgun (SRLD)

9 GHz SAR-ratsjársvari (SART)

MED/4.20

Stýrisvísir

MED/4.21

Snúningshraðamælir fyrir skrófu

MED/4.22

Skrúfuskurðarmælir

MED/4.23

Seguláttaviti, flokkur B, fyrir björgunarbáta og léttbáta

MED/4.29

Siglingariti (VDR)

MED/4.30

Rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS-kerfi), ásamt varakerfi, og rastað kerfi fyrir rafeindasjókort (RCDS)

MED/4.31

Gíróáttaviti fyrir háhraðaför

MED/4.32

Almennt, sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS)

MED/4.33

Ferilstjórnunarkerfi

(það starfar á hraða skipsins, frá lágmarksbeitihraða að 30 hnútum).

MED/4.34

Ratsjərbúnaður 1. flokkur

MED/4.35

Ratsjərbúnaður 2. flokkur

MED/4.36

Ratsjərbúnaður 3. flokkur

MED/4.37

Ratsjərbúnaður fyrir háhraðaför (flokkar 1H og 2H)

MED/4.38

Ratsjərbúnaður sem er samþykktur til notkunar með sjókorti, nánar tiltekið:

- a) flokkur 1C,
 - b) flokkur 2C,
 - c) flokkur 1HC,
 - d) flokkur 2HC.
-

MED/4.39

Ratsjárspgill — hlutlaus tegund

MED/4.40

Stefnustjórnunarkerfi fyrir háhraðaför

MED/4.41

Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (GNSS-aðferð)

MED/4.42

Leitarljós fyrir háhraðaför

MED/4.43

Nætursjónbúnaður fyrir háhraðaför

MED/4.44

Móttakari sem tekur á móti leiðréttingum fyrir GPS-staðsetningu frá radíóvita fyrir DGPS- og DGLONASS-búnað

MED/4.46

Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (gíróaðferð)

MED/4.47

Einfaldaður siglingaríti (S-VDR)

MED/4.49

Stigi fyrir hafnsögumann

MED/4.50

DGPS-búnaður

MED/4.51

DGLONASS-búnaður

MED/4.52

Dagljós til merkjasendinga

MED/4.53

Endurvarpsmagnari fyrir ratsjár

MED/4.54

Miðunartæki fyrir áttavita

MED/4.55

Staðsetningarbúnaður fyrir leit og björgun (SRLD)

AIS SART-búnaður

MED/4.56

Galileo-búnaður

MED/4.57

Viðvörðunarkerfi fyrir siglingavakt í brú (BNWAS)

MED/4.58

Hljóðviðtökukerfi

MED/4.59

Samtengt siglinga- og leiðsögukerfi

5. Fjarskiptabúnaður

Númer og heiti búnaðar

MED/5.1

Metrabylgjugalstöð (VHF) sem sendir og tekur á móti stafrænu valkalli (DSC) og þráðlausum talfjarskiptum

MED/5.2

Metrabylgjugalstöðvarbúnaður (VHF) með hlustvörslu fyrir stafrænt valkall (DSC)

MED/5.3

NAVTEX-móttökutæki

MED/5.4

EGC-móttökutæki

MED/5.5

Stuttbylgjubúnaður (HF) fyrir öryggisilkynningar til sjófarenda (MSI) (HF-NBDP-móttökubúnaður)

MED/5.6

Gervihnattaneyðarbauja (EPIRB) 406 MHz (COSPAS-SARSAT)

MED/5.10

Millibylgjustöð (MF) sem sendir og tekur á móti stafrænu valkalli (DSC) og þráðlausum talfjarskiptum

MED/5.11

Millibylgjustöðvarbúnaður (MF) með hlustvörslu fyrir stafrænt valkall (DSC)

MED/5.13

Inmarsat-C SES

MED/5.14

Millibylgju-/stuttbylgjugalstöð (MF/HF) sem sendir og tekur á móti stafrænu valkalli (DSC), beintengdri prentun á þrengdu tíðnisviði (NBDP) og þráðlausum talfjarskiptum.

MED/5.15

Hlustvörður sem skannar fyrir stafrænu valkalli (DSC) í millibylgju-/stuttbylgjugalstöð (MF/HF)

MED/5.17

Færanlegur, tvíátta metrabylgjugalstöðvarbúnaður (VHF) fyrir björgunarför

MED/5.18

Fastar, tvíátta metrabylgjugalstöðvar (VHF) fyrir björgunarför

MED/5.19

Inmarsat-F77

6. Búnaður sem krafist er samkvæmt COLREG 72

Númer og heiti búnaðar

MED/6.1

Siglingaljós

7. Öryggisbúnaður fyrir búlkaskip

Undir þennan lið fellur, sem stendur, enginn búnaður.

8. Búnaður samkvæmt kafla II-1 í SOLAS

Númer og heiti búnaðar

MED/8.1

— Vatnshæðarskynjari
